



Lestraráherslur Grunnskóla Borgarfjarðar Unglingastig



Kæru foreldrar/forráðamenn

Haustið 2017 er lestrastefna Borgarbyggðar tekin í gagnið en hún var unnin af stýrihóp úr leik- og grunnskólum Borgarbyggðar. Stefnuna má lesa í heild sinni inn á heimasíðu skólanna og sveitarfélagsins

http://www.gbf.is/Files/Skra_0077126.pdf

Í þessum bækling er búið að setja fram markmið, kennsluáðferðir, matstæki, viðmið og úrræði fyrir unglingastig grunnskólans.

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að kynna sér þennan bækling vel og vera í góðu sambandi við kennara um lestranáám nemenda.

Lesfimi

Markmið:

- að efla enn frekar lesfimi og lestrarþol
- að auka lestrarhraða
- að gera nemendur að sjálfstæðum lesendum
- að nemendur geti nýtt lestur í námi
- að nemendur líti á lestur sem hluta af daglegu lífi
- að nemendur lesi efni tengt áhuga og getu

Kennsluaðferðir:

- Yndislestur
- Lestur og lesskilningur er þjálfaður markvisst í öllum námsgreinum
- Allir nemendur lesa daglega heima og í skóla, skrá hjá sér lestur og halda lestradagbækur með endursögnum
- Unnið er með frásagnir og tjáningu

Matstæki:

8.bekkur	9.bekkur	10.bekkur
Lesferill - lesfimiþróf september, janúar og maí	Lesferill - lesfimiþróf september, janúar og maí GRP -14h - bekkjarskimun október Samræmd könnunarþróf mars	Lesferill - lesfimiþróf september, janúar og maí

Viðmið:

Leshraðaviðmið Menntamálastofnunar um lesin orð á mínútu


Bekkur	Metnaðarfull-Viðmið (V3)	Almenn viðmið (V2)	Lágmarks viðmið (V1)
8.	210	180	130
9.	210	180	140
10.	210	180	145

Úrræði fyrir þau sem ná ekki lágmarksviðmiðum:

- Einstaklingsáætlun í lestri og ritun.
- Lestrarnámskeið.
- Ráðgjöf frá sérkennara, foreldrarnámskeið frá skólalþjónustu.
- Sérhæfð lestrartengd verkefni.

Hvers vegna er mikilvægt að barn lesi heima á hverjum degi:

- ✓ Lestur þarf að æfa daglega til að byggja upp góða umskráningarfærni og lesfimi.
- ✓ Lesfimi þarf að viðhalda eins og hverri annarri færni.
- ✓ Daglegur lestur eykur orðaforða barna og eflir þar með lesskilning. (sjá mynd)



Nagy og Herman., 1987

Lesskilningur

Markmið:

- Að nemandi geti lesið sér til skilnings og ánægju
- Að nemendur fái áhuga á lestri.
- Að nemendur auki orðaforða sinn
- Að nemendur geti nýtt lestur í námi og daglegu lífi.

Kennsluaðferðir:

Á blaðsíðu 6 og 17 í Lestrarstefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar er að finna nánari útfærslu.

Matstæki:

8.bekkur	9.bekkur	10.bekkur
Orðarún – október og febrúar	Samræmd könnunarpróf mars Lesskilningspróf - nóvember - apríl	Lesskilningspróf - nóvember - apríl

Viðmið:

- Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá sértæka lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Ástæða getur verið til að fá prófun á málþroska hjá Skólalþjónustu ef nemandi fær færri en 8 stig.

Úrræði fyrir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum:

- Einstaklingsáætlun í lesskilningi.
- Orðaforðavinna í bekk.
- Ráðgjöf frá sérkennara.
- Aukinn lestur og hlustun.

Lestur heima og í skóla 8. – 10. bekkur

Hver nemandi les minnst 1000 bls yfir veturinn og að lágmarki 6 bækur. Kennari velur 2 þeirra og nemandi 4. Lestur skal vera að lágmarki 20 mínútur á dag. Lesturinn á að skrá í stílabók A5 en einnig að fylgja með endursagnir eða hugleiðingar um efnið. Lestrardagbók á að skila á tveggja vikna fresti til kennara en afar mikilvægt er að foreldrar og /eða kennari kvitti fyrir allan lestur sem er skráður.

Hlutverk foreldra er því að fylgjast með lestri unglinganna, aðstoða þá við utanumhald og finna sér efni við hæfi.

Samkvæmt nýlegri rannsókn sem Erla Lind Þórisdóttir gerði og hægt er að lesa í heild sinni inn á skemu.is segir að nemendur þurfi að skilja 97,8% orða í texta til að svara a.m.k. 70% lesskilningsspurninga rétt. Það sýnir að skilja þarf flest orð í náttúrufræðitexta til að geta lesið á sjálfstæðan hátt og náð góðum lesskilningi. Því er mikilvægt að vinna vel með að auka orðaforða nemenda, hafa stígangandi í orðaforða námsefnisins og gæta að orðavali. Gefa þarf orðaforðanámi aukinn tíma í kennslu með tilheyrandi stuðningi stefnumarkandi aðila.

